




Réttholtskirkjugarður á Ísafirði

Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020



7. mars 2025



Greinargerð og uppdráttur

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og

lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

ÚTGÁFUSAGA:					
NR. ÚTGÁFU	DAGS.	HÖFUNDUR	RÝNT AF	SAMP.	ÚTGÁFUSTAÐA / BREYTINGAR
1	2024-11-04	EBK	GPEy	EBK	Vinnslutillaga til kynningar
2	2025-03-07	EBK	GPEy	EBK	Til athugunar Skipulagsstofnunar
3	2025-07-03	EBK	GPEy	EBK	Til staðfestingar



TILVITNANIR OG HEIMILDIR

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Gildistaka 20. apríl 2010

Council og Europe Landscape Converntion (2000). *Evrópusamningur um landslag* Sótt 26. febrúar 2024 af

<https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=09000016802f3fb0>

Ísafjarðarbær (2024). *Kortavefsjá Ísafjarðarbæjar*. Sótt 28. feb. 2024 af <https://www.map.is/isafjordur/>

Kirkjugarðasamband Íslands (2024). *Upplýsingar um fjölda þekktra legstaða í Réttarholtskirkjugarði*. Sótt 28. feb. 2024 af <https://www.gardur.is/>

Landskipulagsstefna 2024-2038. Samþykkt 16. maí 2024

Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2014). *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt 4. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

Minjastofnun Íslands (2024). *Minjavefsjá*. Sótt 29. febrúar 2024 af <https://www.map.is/minjastofnun/>

Náttúrufræðistofnun Íslands (2024A). *Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja*. Sótt 29. febrúar 2024 af <https://serstokvernd.ni.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands (2024B). *Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Sótt 29. febrúar 2024 af <http://vistgerdakort.ni.is/>

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher (2002). *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar*

og Kirkjuból. Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NVNR8/02

Reynir Vilhjálmsson (1968). *Nýr kirkjugarður í Engidal Ísafirði. Tillaga að skipulagi fyrir 30-35 ára tímabil, ásamt lauslegri áætlun um stækkun*. Teikning nr. 2, í kvarða 1:500, dags. nóv. 1968

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsstofnun (2016). *Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð*. Sótt 27. febrúar 2024 af <https://www.landsskipulag.is/>

Skipulagsstofnun (2007). *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Sótt 8. maí 2023 á <https://www.skipulag.is/>

Stjórn vatnamála (2024). *Upplýsingar um vatnshlot*. Sótt 28. feb. 2024 af <https://vatnavefsja.vedur.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2020). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030*. Júní 2020. Sótt 29. febrúar 2024 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021). *Í ljósi loftslagsvárs – Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum*. September 2021. Sótt 29. febrúar 2024 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfisstofnun (2024). *Náttúruminjaskrá*. Sótt 29. febrúar 2024 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>

Veðurstofa Íslands (2007). *Hættumat fyrir Innri-Kirkjubólshlíð*. Greinargerð

Veðurstofa Íslands (2008). *Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ. Ísafjörður. Hættumatskort*

Veðurstofa Íslands (2023). *Upplýsingar um veðurfar*. Upplýsingar í tölvupósti

Vestfjarðastofa (2024). *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Endurskoðaðar áherslur 2023*. Sótt 27. febrúar 2024 af <https://www.vestfirdir.is/Vestfjarðarstofa.2020>.



Heilsa og öryggi

Matsspurning	Vægis Einkunn Núll-kostur	Vægis Einkunn A-kostur	Vægis Einkunn B-kostur
Stuðlar stefnan að auknu umferðaröryggi?	-	+	?
Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	0	+	+
Eykur stefnan næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum?	0	0	?

Viðmið: Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vögu til grafar. Huga að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar og náttúruupplifunar. Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum.

Skýringar: Óskipulögð bílastæði eru beggja vegna Engidalsvegjar þar sem yfirsýn er takmörkuð en getur valdið hættu fyrir gesti og vegfarendur. Með bættu skipulagi bílastæða skv. A-kosti er umferðaröryggi á svæðinu aukið. Óvissa er með áhrif B-kosts en það er háð staðsetningu og útfærslu.

A- og B-kostur eru líklegir til að efla almenningsrými sem hvetja til útiveru og hreyfingar. Með núll-kosti er aðstaðan ekki eflað.

Áhrif núll-kosts og A-kosts á næmni fyrir hættu á náttúruhamförum eru óveruleg en óvissa er um B-kost. Þetta er þó háð útfærslu.

4.6 NIÐURSTAÐA

A-kostur hefur í heildina óveruleg og jákvæð áhrif á þá þætti sem voru til skoðunar. Almennir hefur kosturinn óveruleg áhrif á náttúrufars- og menningarlega þætti. Hann kann að auka losun gróðurhúsalofttegunda en áhrifin eru þó takmörkuð þar sem um þegar framræst land er að ræða og aukin gróðurnotkun getur aukið bindingu. A-kostur styður að vissu marki markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum, þar sem um er að ræða stækkun á núverandi kirkjugarði. Kosturinn hefur jákvæð og talsvert jákvæð áhrif á nærþjónustu og tekur mið af umhverfisbreytingum. Einnig kann hann að bæta umferðaröryggi og efla almenningsrými sem hvetja til útiveru og hreyfingar.

Nokkur óvissa er um áhrif B-kosts á náttúrufars- og menningarlega þætti en það er háð staðsetningu og útfærslu. Líklegt er að nýtt land verði brotið þar sem möguleikar til stækkunar Eyrarkirkjugarðs eru takmarkaðir. B-kostur kann að raska óhreyfðu landi auk þess að kalla á innviðauppbýggingu og getur því leitt til aukinnar losunar. Einnig er óvissa um hvort B-kostur styðji við markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum. Kosturinn hefur jákvæð og talsvert jákvæð áhrif á nærþjónustu og tekur mið af umhverfisbreytingum, óháð staðsetningu. Hann er einnig líklegur til að efla almenningsrými sem hvetja til útiveru og hreyfingar.

Núll-kostur hefur í heildina óveruleg áhrif á náttúrufars- og menningarlega þætti. Kosturinn hefur almennt neikvæð áhrif á hagræna þætti og innviði og bætir ekki umferðaröryggi.

Með vandaðri hönnun kirkjugarðs skv. A-kosti má lágmarka neikvæð áhrif og stuðla að bættri nærþjónustu sem tekur mið af umhverfisbreytingum, eflingu almenningsrýma m.t.t. nærumhverfis og bætts umferðaröryggis.



Viðmið: Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Skýringar: Við uppbyggingu kirkjugarðs verður rask á grónu landi en það leiðir til losunar gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta til skamms tíma litið. Í uppbyggingunni felst einnig að landið er framræst þannig að það verði hæft til greftrunar. A-kostur er á þegar framræstu landi og eru áhrif til lengri tíma því óveruleg miðað við núverandi ástand. B-kostur kann að vera á óhreyfðu landi og getur því leitt til aukinnar losunar. Til lengri tíma litið getur garðurinn og rekstur hans leitt til bindingar gróðurhúsalofttegunda með aukinni ræktun gróðurs.

Ólíklegt er að uppbygging skv. A-kosti hafi áhrif á aðra náttúrufarslega þætti nema mögulega á vistgerð með mjög hátt verndargildi. Það er þó háð útfærslu. Óvissa er um áhrif B-kosts á þessa þætti en það er háð staðsetningu. Til langs tíma litið getur uppbygging kirkjugarðs haft jákvæð áhrif á gróður og dýralíf.

Menningarminjar og yfirbragð byggðar

Matsspurning	Vægiseinkunn Núll-kostur	Vægiseinkunn A-kostur	Vægiseinkunn B-kostur
Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum?	0	+	-
Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	0	?
Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0	?

Viðmið: Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi. Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru- og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Skýringar: A-kostur styður að vissu marki markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum, þar sem um er að ræða stækkun á núverandi kirkjugarði. Ekki er heldur um að ræða röskun á fágætum landslagsheildum eða þekktum menningarminjum. Óvissa er um áhrif af B-kosti en líklegt er að nýtt land verði brotið þar sem möguleikar til stækkunar Eyrarkirkjugarðs eru takmarkaðir. Áhrif núllkosts eru óveruleg.

Hagrænir þættir og innviðir

Matsspurning	Vægiseinkunn Núll-kostur	Vægiseinkunn A-kostur	Vægiseinkunn B-kostur
Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	-	+	+
Stuðlar stefnan að uppbyggingu innviða sem taka mið af umhverfisbreytingum?	-	++	++

Viðmið: Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum.

Skýringar: Núll-kostur felur ekki í sér eflingu nærþjónustu og tekur ekki mið af umhverfisbreytingum. Með auknu framboði grafreita fyrir alla þjóðfélagshópa skv. A- og B-kosti, er stuðlað að eflingu nærþjónustu sem tekur mið af umhverfisbreytingum.



Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnin byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹⁸ og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið.

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort uppbygging skv. útfærslu í skipulagi eða aðrir valkostir styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem viðeigandi umhverfisviðmið fela í sér. Umhverfisviðmiðin byggja á stefnu stjórnvalda, s.s. landsskipulagsstefnu. Skilgreindar eru matsspurningar til að greina það.

Tafla 4.2 Vægiseinkunnir fyrir mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, litil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvist er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

4.4 VALKOSTIR

Settir eru fram tveir valkostir í umhverfismatinu, auk núllkosts. Valkostirnir eru eftirfarandi:

- Núll-kostur. Ekki verði af stækkun kirkjugarðsrýmis í Skutulsfirði
- A-kostur: Stækkun Réttarholtskirkjugarðs
- B-kostur: Uppbygging kirkjugarðs á nýjum stað innan Skutulsfjarðar

4.5 ÁHRIF AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Náttúrufarslegir þættir

Matsspurning	Vægiseinkunn Núll-kostur	Vægiseinkunn A-kostur	Vægiseinkunn B-kostur
Hefur stefnan áhrif á loftslag, losun gróðurhúsalofttegunda og /eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?	0	-	-
Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruvinjar sem njóta verndar, svo sem svæði á náttúruvinjaskrá, vistkerfi eða jarðminjar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	0	0	?
Hefur stefnan áhrif á gróður og dýralíf?	0	0	?
Hefur stefnan áhrif á lífríki straumvatna og stöðuvatna?	0	0	0

¹⁸ Skipulagsstofnun (2007).



4 UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS

4.1 MATSSKYLDA ÁÆTLUNARINNAR

Skipulagsgerðin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Skipulagið er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og er tekið fyrir í sveitarstjórn. Áhrif skipulagsins á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum eru metin samhliða gerð skipulagsins og mið tekið af niðurstöðum matsins við útfærslu þess.

4.2 MIKILVÆGIR UMHVERFISÞÆTTIR

Áhrifaþættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu.

Í eftirfarandi töflu er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum.


Tafla 4.1 Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsins.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Líffræðileg fjölbreytni, vatnafar, vatnalíf, loftslag, jarðvegur og landslag	Stækkun kirkjugarðsins er líkleg til að hafa áhrif á náttúrufarslega þætti á skipulagssvæðinu. Uppbygging hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda vegna jarðvegsframkvæmda. Uppbygging kirkjugarðs felur í sér jarðvegsskiptingu sem kann að hafa áhrif á vatnafar. Áhrif á landslag og ásynd.
Menningarminjar og yfirbragð byggðar	Bæjarlandslag og menningarminjar	Möguleg áhrif á menningarminjar. Breytingar á ásynd svæðisins.
Hagrænir þættir og innviðir	Íbúar, efnisleg verðmæti	Nýting lands. Áhrif af bættu aðgengi að legstöðum.
Heilsa og öryggi	Næmni fyrir hættu á náttúruhamförum, heilbrigði manna og útivist	Aðgengi að útivistarsvæðum. Öryggi á aðkomu- og dvalarsvæðum

4.3 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT


Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og aflað hefur verið við undirbúning skipulagsgerðarinnar. Þá er einnig leitað til sérfróðra aðila, stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðhættum, gerist þess þörf.

3.2 BREYTING Á UPPDRÆTTI



GILDANDI SKIPULAG - ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR ÍSAFJÖRÐUR

MKV. 1:10.000



BREYTING - ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR ÍSAFJÖRÐUR

MKV. 1:10.000

SKÝRINGAR

- | | | | |
|---|--|---|---|
|  | Svæði fyrir þjónustustofnanir |  | Varnarmannvirki |
|  | Efnistokusvæði |  | Hverfisverndarsvæði |
|  | Sorpförgunarsvæði |  | C-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða meiri en 3 af 10.000 á ári. |
|  | Öbyggð svæði |  | B-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða á bilinu 1-3 af 10.000 á ári. |
|  | Opin svæði til sérstakra nota |  | A-svæði: Staðaráhætta vegna ofanflóða á bilinu 0,3-1 af 10.000 á ári. |
|  | Landbunaðarsvæði |  | Stofnvegir |
|  | Votn, ár og sjór |  | Tengivegir |
|  | Náttúruverndarsvæði - svæði á náttúruminjaskrá |  | Gönguleiðir |
| | |  | Rafveita í jörð |



3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Skipulagsgerðin byggir á stefnu gildandi aðalskipulags um kirkjugarða og möguleika til stækkunar þeirra. Skipulagið er jafnframt unnið í samræmi við lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu nr. 668/2007.

Breyting er gerð á þéttbýliuppdrætti Ísafjarðar og greinargerð aðalskipulagsins. Breytingin felst í stækkun *svæðis fyrir þjónustusvæði þ16* til suðurs og vesturs og skerpt er á skipulagsákvæðum.

Landbúnaðarsvæði utan hverfisverndar minnkar sem stækkuninni nemur en skipulagsákvæði þess eru óbreytt.

3.1 BREYTING Á GREINARGERÐ

Fyrir breytingu aðalskipulags

Tafla 9.3. Kirkjur og kirkjugarðar í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
þ16 – Ísafjarðarkirkjugarður og Kapellan á Réttarholti í Engidal í Skutulsfirði / 1,4 ha.	Nægt rými í garðinum og mun lengur en skipulagstímabilið nær yfir. Möguleikar til frekari stækkunar garðsins. Þess skal gætt að nýting aðliggjandi svæða skerði ekki síðari stækkunarmöguleika garðsins.

Eftir breytingu aðalskipulags

Tafla 9.3. Kirkjur og kirkjugarðar í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
þ16 – Ísafjarðarkirkjugarður og Kapellan á Réttarholti í Engidal í Skutulsfirði / 4,19 ha.	Svigrúm til stækkunar garðsins innan reitsins. Gera skal ráð fyrir rými fyrir fjölbreytt trúfélög og óvígða mold. Útfærsla aðkomu og bílastæða við Engidalsveg skal vera í samráði við Vegagerðina og í samræmi við gildandi veghönnunarreglur. Samráð skal haft við viðkomandi veitufyrirtæki vegna vinnu í nágrenni veitulagna. Leitast skal við að skerða ekki vistgerðir með mjög hátt verndargildi. Nánnar útfært í deiliskipulagi.



Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið. Samkvæmt stefnunni eru meginmarkmið áætlana innviðaráðuneytisins að:

- *Innviðir mæti þörfum samfélagsins*
- *Byggðir og sveitarfélög um allt land verði sjálfbær*

Skipulagi er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks, styðja samkeppnishæfni, vera sveigjanlegt og stuðla að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Eftirfarandi meginmarkmið stjórnvalda í skipulagsmálum eru sett fram í stefnunni:

- *Vernd umhverfis og náttúru*
- *Velsæld samfélags*
- *Samkeppnishæft atvinnulíf*

Eftirfarandi áherslur í landsskipulagsstefnu tengjast skipulagsbreytingunni:

- *Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.*
- *Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir.*
- *Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.*
- *Skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.*
- *Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.*
- *Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.*

- *Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.*
- *Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.*

Aðrar áætlanir stjórnvalda

Aðrar áætlanir sem mögulega þarf að taka tillit til við skipulagsgerðina eru eftirfarandi.

LANDSLAGSSAMNINGUR EVRÓPU¹⁵

Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda Evrópska landslagssamninginn. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.

MENNINGARSTEFNA Í MANNVIRKJAGERÐ¹⁶

Í menningarstefnu í mannvirkjagerð er lögð áhersla m.a. á verndun ósnortins lands, byggingararfs og aðlögun mannvirkja að landslagi sem og gæði þeirra.

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA 2020-2024¹⁷

Áætlunin er stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag, umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.

¹⁵ Council of Europe Landscape Convention (2000).

¹⁶ Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2014).

¹⁷ Vestfjarðarstofa (2023).



Lögð er áhersla á það að hugað verði að aðgengi fyrir alla að kirkjum og kirkjugörðum. Unnið verði að bættri aðkomu að kirkjugörðum sem enn eru í notkun.

Í ákvæðum gildandi aðalskipulags segir að möguleikar séu til frekari stækkunar kirkjugarðsins og að þess skuli gætt að nýting aðliggjandi svæða skerði ekki síðari stækkunarmöguleika hans.

Stefna gildandi aðalskipulags um landbúnaðarsvæði utan hverfisverndar-svæða

Fjallað er um landbúnaðarsvæði í kafla 8.4. í gildandi aðalskipulagi. Þar er m.a. eftirfarandi markmið sett fram:

- *Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar*

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að landbúnaðarsvæði séu afmörkuð m.t.t. landslags og innviða. Gert er ráð fyrir því að þau svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar verði skilgreind sem landbúnaðarsvæði, auk þeirra svæða sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði, t.d. með vegasambandi og rafveitu. Lögð er áhersla á að það land sem best hentar til matvælaframleiðslu, s.s. á kjöti, mjólk, grænmeti eða korni, verði fyrst og fremst nýtt til slíkrar framleiðslu. Með því að spilla ekki slíku landi er einnig viðhaldið möguleikum fyrir nýliða að hefja búskap.

Stefna gildandi aðalskipulags um viðbrögð við náttúruvá

Í 3. kafla gildandi aðalskipulags er fjallað um náttúruvá og markmið varðandi þau eru:

- *Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár*
- *Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvár*
- *Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár*

2.8 DEILISKIPULAG

Deiliskipulag er í gildi austan skipulagssvæðisins, þ.e. *Engidalur: Deiliskipulag* sem var samþykkt 7. okt. 1999. Óveruleg breyting á deiliskipulaginu tók gildi 24. apríl 2018. Deiliskipulagið tekur til sorpsvæðis, hesthúsabyggðar, útivistarsvæðis og malarnáms. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að öll byggð og starfsemi sé austan Langár en vestan hennar er skilgreint „*svæðið til síðari stækkunar*“.

2.9 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísi um skipulagsmál og stefnu Ísafjarðarbæjar. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind hér að neðan.


Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Þann 16. maí 2024 samþykkti Alþingi þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.¹⁴ Viðfangsefni landsskipulagsstefnu eru m.a. eftirfarandi samkvæmt þingsályktuninni:

- *Viðbrögð við loftslagsbreytingum*
- *Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæða í byggðu umhverfi*
- *Uppbygging þjóðhagslegra mikilvægra innviða*
- *Landnotkun í dreifbýli*
- *Vernd líffræðilegrar fjölbreytni*

Í framtíðarsýn stefnunnar segir að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu.

¹⁴ Alþingi, 2024.



Mynd 4 Hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ.¹¹

2.6 NÁTTÚRUVÁ

Skipulagssvæðið er í 8-12 m hæð og er utan hættu vegna sjávarflóða eða hækkunar sjávarborðs¹². Svæðið er utan hins virka gosbeltis og því ólíklegt að jarðskjálftar eða eldsumbrot hafi áhrif á landnotkun.

Hættumat vegna ofanflóða hefur ekki verið unnið fyrir skipulagssvæðið en fyrir liggur hættumat fyrir Innri-Kirkjubólshlíð sem er handan Langár.¹³

Í umsögn Veðurstofunnar um vinnslutillögu skipulagsins kemur fram að upptakahalli snjóflóða er í Hafrællshlíð sem er ofan kirkjugarðsins og að

snjóflóð hafi fallið að kirkjugarðinum 1981. Einnig að Reikna verði með að garðurinn sé í ofanflóðahættu þrátt fyrir að hættumat hafi ekki verið gert fyrir svæðið. Í reglugerð 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, er þó einungis skilyrði um ásætlanlega áhættu í byggingum en ekki skilgreindum svæðum utanhúss.

2.7 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn 31. mars 2010 og tók gildi 20. apríl sama ár. Unnið er að heildarendurskoðun þess.

Skipulagssvæðið tekur til svæðis fyrir þjónustustofnanir (Þ16) og landbúnaðarsvæðis utan hverfisverndarsvæða í gildandi aðalskipulagi. Austan svæðisins er opið svæði til sérstakra nota (Ú16) og svæði fyrir sorpförgunarsvæði (R2).

Stefna gildandi aðalskipulags um svæði fyrir þjónustustofnanir

Fjallað er um kirkjur og kirkjugarða í kafla 9.2.2 í gildandi aðalskipulagi. Markmið þess eru:

- Varðveita kirkjur sem menningar- og þjónustuhús
- Varðveita kirkjur og kirkjugarða í sveitarfélaginu sem menningarminjar

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að ekki sé þörf á nýjum kirkjugörðum eða stækkun á þeim sem eru í notkun. Þar kemur einnig fram að gert sé ráð fyrir óbyggðu svæði eða opnu svæði umhverfis þá kirkjugarða sem eru í notkun þannig að mögulegt verði að stækka þá í framtíðinni.

¹¹ Veðurstofa Íslands (2008).

¹² Veðurstofa Íslands (2023).

¹³ Veðurstofa Íslands (2007).



2.4 VATNSHLOT

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlots 101-274-G Vestfirðir og í jaðri grunnvatnshlots 101-101-G Skutulsfjörður. Langá er í straumvatnshloti 101-495-R.⁷

2.5 NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR

Skipulagssvæðið er utan svæðis á náttúruminjaskrá⁸ en fjörur í botni Skutulsfjarðar, utan skipulagssvæðisins, eru á náttúruminjaskrá (svæði 317). Á skipulagssvæðinu er ekki um að ræða náttúruvirkbæri sem njóta sérstakrar verndar⁹ skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru *eyðimelavist*, *mosamelavist* og *viðimelavist* auk *túna* og *akurlendis* algengastar á suður- og austurhluta skipulagssvæðisins. Þessar vistgerðir hafa lágt verndargildi. Í norðvesturhluta skipulagssvæðisins eru fjölbreyttari vistgerðir, þ.e. *Starungsmýravist* sem hefur mjög hátt verndargildi; *Bugðupuntsvist*, *Finnungsvist*, *Língresis-* og *vingulsvist* og *Lyngmóavist* á láglendi sem hafa hátt gildi; og *Fjalldrapamóavist*, *Starmóavist* og *Hraungambravist* sem hafa miðlungs og lágt verndargildi.¹⁰



Vistgerðakort

Skipulagsmörk

Vistgerðir

A Sjór

F Fjörurvist

FX1.1 Sjávarlón

L1.1 Eyðimelavist

L1.3 Mosamelavist

L1.4 Viðimelavist

L10.3 Starmóavist

L10.5 Flöttumóavist

L10.6 Fjalldrapamóavist

L10.8 Lyngmóavist á láglendi

L14.1 Þéttbýli og annað manngert land

L14.2 Tún og akurlendi

L3.1 Urðarskrúvust

L3.2 Grasviðiskrúvust

L4.1 Eyjavist

L5.3 Hraungambravist

L7.4 Grashólavist

L7.6 Gulstararfitjavist

L8.6 Runnamýravist á láglendi

L8.9 Starungsmýravist

L9.2 Finnungsvist

L9.3 Bugðupuntsvist

L9.6 Língresis- og vingulsvist

V1 Vötn

V2 Ár

Mynd 3 Vistgerðir á skipulagssvæðinu skv. vistgerðakorti NÍ.¹⁰

⁷ Stjórn vatnamála (2024).

⁸ Umhverfisstofnun (2024).

⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands (2024A).

¹⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands (2024B).



Árið 1968 vann Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt tillögu að skipulagi kirkjugarðs í Engidal og var Réttarholtskirkjugarður byggður í samræmi við tillöguna. Garðurinn var tekinn í notkun árið 1974 og í honum eru 1060 grafarstæði, þar af eru um 770 þegar nýtt². Laus grafarstæði eru einungis 156 og ekki er gert ráð fyrir minningarreit eða stæðum fyrir duftker, önnur trúfélög og óvígða mold. Í kirkjugarðinum er kapella og malarplön fyrir bílstæði eru beggja vegna Engidalsvegar.



Mynd 2 Skráðar fornminjar næst skipulagssvæðinu.³

² Kirkjugarðasamband Íslands (2024).
³ Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher (2002).
⁴ Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher (2002).

2.2 MENNINGARMINJAR

Fornleifaskráning var unnin fyrir Ísafjarðarbæ árið 2002 af Ragnari Edvardssyni og Ruth A. Maher. Skv. fornleifaskráningunni eru engar skráðar minjar á því svæði sem skipulagið tekur til eða í næsta nágrenni. Handan Langár er Kirkjuból sem er sögulegur staður, en minjar á því svæði hafa flestar glatast.⁴ Skv. athugun Minjavarðar Vestfjarða í maí 2024 eru engar þekktar minjar á svæðinu.⁵

2.3 VEÐURFAR

Tvær veðurathugunarstöðvar eru í Skutulsfirði, önnur er á höfninni og hin er í botni Skutulsfjarðar. Algengustu vindáttir eru norðaustan áttir og suðvestan áttir. Á hlýjum sumardögum gætir jafnan hafgolu inn fjörðinn úr norðaustri. Úrkoma er fremur lítil á Ísafirði, sértaklega yfir sumarmánuðina, en þá er meðalúrkoman tæpir 40 mm á mánuði. Meðalúrkoma í júní síðustu tuttugu árin var tæpir 30 mm. Meðalúrkoma yfir árið er rúmir 80 mm á mánuði.

Tafla 2.1 Meðalúrkoma á Ísafirði eftir ársfjórðungum, meðaltal áranna 2003-2022.⁶

	Des.-feb	Mars-maí	Júní-ágú.	Sept.-nóv.	Meðaltal
Úrkoma í mm	104,2	67,6	39,7	116,4	82,0

⁵ Minjastofnun Íslands (2024).
⁶ Veðurstofa Íslands (2023).



2 FORSENDUR OG SAMHENGÍ SKIPULAGS-GERÐAR

Um kirkjugarða gilda lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu nr. 668/2007. Skv. ofangreindum lögum er sveitarfélagi skylt að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði með þurrum og djúpum jarðvegi auk fleiri þátta sem tilgreindir eru í IV. kafla laganna. Í V. kafla segir að þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skuli leita umsagnar heilbrigðisnefndar, héraðslæknis og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi. Sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju fer með málefni kirkjugarðsins.

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið tekur til Réttarholtskirkjugarðs og aðliggjandi svæðis til suðurs og vesturs. Svæðið er um 4,5 ha að stærð (Mynd 1) og er allt í eigu Ísafjarðarbæjar. Sunnan við garðinn eru tún sem til skamms tíma voru nýtt fyrir frístundabúskap í Engidal. Skipulagssvæðið er í 8-12 m hæð yfir sjávarmáli og stendur talsvert hærra en aðliggjandi land að norðan, austan og sunnan. Landið er framræst og að hluta til raskað vegna efnistöku.

Skipulagssvæðið er vestan Engidalsvegur (nr. 6305) í Engidal, innan Hafrafellshlíða. Aðkoma að svæðinu er um Skutulsfjarðarveg (nr. 639) frá Djúpvegi (61). Engidalsvegur er héraðsvegur og meðfram honum er 15 m helgunarsvæði til hvorrar handar frá miðlínu hans. Afmörkun skipulagssvæðisins til austurs miðast við Engidalsveg og eldra efnistökusvæði til suðurs. Svæðið liggur að hliðarrótum til vesturs og að túnum við Engidalsrétt til norðurs. Svæði kirkjugarðsins er skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir en umhverfis það er landbúnaðarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi. Austan Engidalsvegur er opið svæði til sérstakra nota

skv. gildandi aðalskipulagi. Ofan skipulagssvæðisins liggur háspennustrengur Orkubús Vestfjarða og lágspennustrengur liggur meðfram Engidalsvegi að kapelli garðsins. Ljósleiðari Snerpu, vatnsveita og hitaveita liggja í næsta nágrenni en eru utan skipulagssvæðisins.¹



Mynd 1 Áætluð afmörkun skipulags Réttarholtskirkjugarðs. (Loftmyndir 2016)

¹ Ísafjarðarbær (2024).



Kirkjugarðaráð vakti athygli á skyldum sveitarfélagsins um að útvega hæfilegt kirkjugarðsstæði. Vegagerðin benti á heppilega útfærslu bílastæða. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða benti að gæta þyrfti að smithættu og sóknarnefndin benti á þörf fyrir legstæði. Veðurstofa Íslands vakti athygli á að í hlíðum ofan garðsins er möguleg snjóflóðahætta en að í reglugerð séu ekki sett skilyrði um svæði utandyra.

Skipulagstillagan var auglýst 6. maí til 20. júní 2025. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Kirkjugarðaráði, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni en engin þeirra gerði athugasemd við skipulagsbreytinguna.

Tekið hefur verið mið af ábendingum umsagnaraðila við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar.



1 INNGANGUR

1.1 TILDRÖG AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Ísafjarðarbær og sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju hafa ákveðið að hefja undirbúning að stækkun Réttarholtskirkjugarðs í Engidal. Í apríl 2020 sendi sóknarprestur, f.h. stjórnar Kirkjugarða Ísafjarðar, erindi til bæjarins þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið leggi til land svo stækka megi kirkjugarðinn. Skipulags- og mannvirkjanefnd fjallaði um erindið á fundi sínum þann 20. maí 2020 og samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram inn í endurskoðun á aðalskipulagi. Þar sem fyrirséð er að ráðast þarf í stækkun garðsins á allra næstu árum og að endurskoðun aðalskipulagsins hefur dregist, hefur skipulags- og mannvirkjanefnd ákveðið að hefja vinnu við breytingar á gildandi aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að unnið verði að hönnun kirkjugarðsins og undirbúningi framkvæmda. Hönnun garðsins mun byggja á fyrri hönnun Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts frá 1968. Þar er gert ráð fyrir að garðurinn stækki til suðurs og vesturs.

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er gert ráð fyrir Réttarholtskirkjugarði en ekki var talin þörf á stækkun hans á skipulagstímabilinu. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir kirkjugarðinn.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Tilgangur skipulagsins er að skapa svigrúm fyrir stækkun og uppbyggingu Réttarholtskirkjugarðs í Engidal í Skutulsfirði.

Markmið Ísafjarðarbæjar með skipulagsgerðinni er að tryggja nægt framboð legstaða í Skutulsfirði fyrir öll trúfélög. Einnig að tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vandað verði til umhverfisfrágangs.

1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Aðalskipulagsbreytingin er unnin í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 18. apríl 2024 að auglýsa skipulagslýsingu fyrir breytingu á gildandi aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags. Skipulagslýsing var kynnt frá 14. maí til 11. júní 2024. Á kynningartímanum var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Umsagnir bárust frá Orkubúi Vestfjarða, Vegagerðinni – Vestursvæði, Minjastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Veðurstofu Íslands, Kirkjugarðaráði og sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju.

Orkubú Vestfjarða vakti athygli á rafstrengjum sem liggja um og við skipulagssvæðið. Vegagerðin minnti á veghelgunarsvæði Engidalsvegar, sem er héraðsvegur, og að halda skuli fjölda tenginga við þjóðveg í lágmarki. Sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju vakti athygli á fáum lausum grafstæðum og mögulegri þörf á grafstæðum fyrir önnur trúfélög eða í óvígðri mold.

Í kjölfar auglýsingar skipulagslýsingar var ákveðið að flýta gerð aðalskipulagsbreytingar en gerð deiliskipulags er frestað.

Á 641. fundi sínum þann 14. nóv. 2024 fól skipulags- og mannvirkjanefnd skipulagfulltrúa að kynna vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingarinnar. Vinnslutillagan var kynnt frá 20. nóv. 2024 til 20. des. 2024. Umsagnir bárust frá Kirkjugarðaráði, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju og Veðurstofu Íslands.



EFNISYFIRLIT

1	INNANGUR	1
1.1	TILDRÖG AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR	1
1.2	TILGANGUR OG MARKMIÐ	1
1.3	MÁLSMÆÐFERÐ OG KYNNING	1
2	FORSENDUR OG SAMHENGÍ SKIPULAGS-GERÐAR	3
2.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	3
2.2	MENNINGARMINJAR	4
2.3	VEÐURFAR	4
2.4	VATNSHLOT	5
2.5	NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR	5
2.6	NÁTTÚRUVÁ	6
2.7	AÐALSKIPULAG	6
2.8	DEILISKIPULAG	7
2.9	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	7
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
3.1	BREYTING Á GREINARGERÐ	9
3.2	BREYTING Á UPPDRÆTTI	10
4	UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS	11
4.1	MATSSKYLDA ÁÆTLUNARINNAR	11
4.2	MIKILVÆGIR UMHVERFISÞÆTTIR	11
4.3	AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT	11
4.4	VALKOSTIR	12
4.5	ÁHRIF AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR	12
4.6	NIÐURSTAÐA	14
	TILVITNANIR OG HEIMILDIR	15



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, *bæjarráði*

þann *7.7.* 20 *25*.

Bryndís Ólafsson



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

30. okt 2025.

Guðinn Lára Svendsen



SKIPULAGSLÝSING

KYNNING Á VINNSLUSTIGI

AUGLÝSING

STAÐFESTING

FERLI SKIPULAGSTILLÖGU – HVAR ERUM VIÐ STÖDD?